

# VEFSVÆÐI OG ALMENN ATRIÐI

## PERSÓNUVERNDARSTEFNA

### INNGANGUR OG GILDISSVIÐ

Við erum sem stendur að breyta nafni okkar úr BeiGene í BeOne Medicines.

BeOne heitir því að virða og vernda persónuupplýsingar þínar. „Persónuupplýsingar“ eru upplýsingar sem varða þig og mögulegt er að tengja aftur við þig.

Ábyrgðaraðili **gagna hvað varðar persónuupplýsingar þínar** (þ.e. aðilinn sem ákvarðar hvernig og hvers vegna persónuupplýsingar þínar eru notaðar) samkvæmt þessari persónuverndarstefnu er BeOne Medicines Ltd. (áður nefnt BeiGene, Ltd.), nema:

- Önnur persónuverndarstefna eða -tilkynning nefni annan aðila, eða
- Þú eigir í samskiptum við eða starfir fyrir aðra rekstrareiningu innan BeOne.

Í slíkum tilvikum er hinn aðilinn sem nefndur er, eða sem þú starfar fyrir, ábyrgðaraðilinn. Ef þú hefur spurningar eða kvartanir og vilt hafa samband við ábyrgðaraðila gagna eða gagnaverndarfulltrúa hans skaltu skoða hlutann „**Nýting réttinda þinna**“ hér að neðan.

Þessi persónuverndarstefna tekur til persónuupplýsinga sem eru veittar eða móttæknar af BeOne Medicines Ltd. (eða áður BeiGene, Ltd.) og/eða dótturfyrirtækjum þess („**BeOne**“, „**við**“, „**okkur**“, „**okkar**“) og varðar:

- Fólki sem notar vefsvæði, forrit, aðstöðu, vörur og þjónustu BeOne (að undanskildum þátttakendum í klínískum rannsóknum\*);
- Fólki sem vinnur eða vann með BeOne, svo sem viðskiptavinir, samstarfsaðilar, birgjar, ráðgjafar og verktakar, og
- Almennigur sem hefur samskipti við okkur.

\*- Ef þú ert þátttakandi í klínískri rannsókn eða annarri rannsókn sem styrkt er af BeOne og vilt vita hvernig persónuupplýsingar þínar eru meðhöndlaðar eða um réttindi þín skaltu skoða eintakið af upplýsingablaði fyrir sjúkling og eyðublaðinu fyrir upplýst samþykki sem þú fékkst í hendur.

Í persónuverndarstefnunni er útskýrt **hvernig við notum persónuupplýsingarnar þínar og hvernig þú getur neytt réttar þíns**.

Hér eru nokkur mikilvæg atriði til að hafa í huga við lesturinn:

1. **Sumir hlutar þessarar persónuverndarstefnu eiga hugsanlega ekki við um þig** eftir því hvar þú býrð eða tegund persónuupplýsinga sem við varðveitum um þig. Ef við greiðum þér ekki þurfum við til dæmis ekki á bankaupplýsingunum þínum að halda.

2. **Við tilteknað aðstæður geta aðrar persónuverndarstefnur eða -tilkynningar bæst við eða komið í staðinn fyrir þessa.** Ef það gerist gildir sú stefna eða tilkynning um meðhöndlun persónuupplýsinga.
3. Vefsvæðin okkar, vefgáttir, farsímaforrit eða önnur stafræn þjónusta (einu nafni „**vefsvæðin**“ okkar) geta innihaldið tengla á vefsvæði sem við hvorki stjórnum, stýrum né styðjum. Þegar þú ferð á þessi vefsvæði berum við ekki ábyrgð á verndun og persónuvernd upplýsinga sem þú veitir. **Við mælum með því að lesa persónuverndarstefnur þeirra og hafa beint samband við þau til að fá upplýsingar um starfsvenjur þeirra varðandi persónuvernd.**

## Upplýsingar um börn

Vefsvæðin okkar eru ekki ætluð einstaklingum yngri en 16 ára („börnum“). Við söfnum ekki vísitandi persónuupplýsingum beint frá börnum í gegnum vefsvæði okkar. Ef þú ert barn biðjum við þig því um að **nota ekki vefsvæði okkar né veita okkur nokkrar upplýsingar í gegnum vefsvæði okkar eða á annan hátt** nema við höfum fyrst fengið samþykki foreldris eða forráðamanns, þar sem við á.

## BREYTINGAR Á ÞESSARI PERSÓNUVERNDARSTEFNU

Við hyggjumst uppfæra þessa persónuverndarstefnu reglulega til samræmis við starfsvenjur okkar. Því **mælum við með því að skoða þessa persónuverndarstefnu öðru hverju**. Ef um efnislegar breytingar er að ræða gætum við gert ráðstafanir til að gera þér viðvart áður en þær taka gildi.

Gildistökudagur síðustu uppfærslu: 10. nóvember 2023

## FLOKKAR PERSÓNUUPPLÝSINGA SEM BEONE VINNUR ÚR

Við kunnum að safna og nota persónuupplýsingar þínar við ýmsar aðstæður. Til dæmis þegar þú tekur þátt í rannsóknum á vegum BeOne, tekur lyfin okkar eða gengst undir meðferðir okkar eða heimsækir vefsvæði eða skrifstofur okkar. Við gætum hafa safnað, eftir því hver samskipti okkar við þig voru undanfarna tólf (12) mánuði:

| Flokkar                    | Dæmi                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                              |
|----------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Upplýsingar um auðkenningu | Nafn, upphafsstafir, kyn, aldur, fæðingardagur, þjóðerni, persónuskilríki (t.d. auðkenniskort, ökuskírteini, vegabréf, skattnúmer, kennitala eða almannatrygginganúmer), ljósmyndir, myndbönd, raddupptökur, tungumál, undirskrift, aðgangskort gefin út af BeOne, tölvuskilríki og upplýsingar um bíl (gerð, bílnúmer og/eða ástand (sé slíkt notað til auðkenningar)), lífkennaupplýsingar (t.d. fingraför, sjónhimnuskannanir, andlitsskannanir, raddauðkenni) |

|                                                                  |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                             |
|------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <b>Samskiptaupplýsingar</b>                                      | Heimilisfang eða vinnustaður, netfang og/eða símanúmer                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                      |
| <b>Banka- og viðskiptaupplýsingar</b>                            | Upplýsingar um notkun á vörum eða þjónustu BeOne, greiðsluupplýsingar (upphæð sem þú hefur greitt, greiðslumáti þinn, greiðsluupplýsingar þínar, greiðslupóstfang) og saga viðskiptasambands okkar                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                          |
| <b>Atvinnuupplýsingar</b>                                        | Starfsheiti/hlutverk, ferilskrá, atvinnustaða, menntun, tungumálakunnátta, fagleg menntun og hæfi, leyfi og vottorð, starfsreynsla, aðild að fagfélögum, þátttaka í samstarfi, áætlunum og verkefnum, upplýsingar um starfsdeild og niðurstöður úr athugunum á bakgrunni                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                    |
| <b>Gögn um fjölbreytileika</b>                                   | Lýðfræðileg gögn, t.d. um kynþátt/þjóðerni, kyngervi og kynferði, upplýsingar um fötlunarstöðu þína, félagslegan og hagrænan bakgrunn þinn og trú þína.                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                     |
| <b>Landfræðileg staðsetning</b>                                  | Upplýsingar um staðsetningu, t.d. frá GPS, Bluetooth, IP-tölu tækis eða annarri staðsetningarþjónustu/-tækni.                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                               |
| <b>Upplýsingar sem tengjast samskiptum þínum við BeOne</b>       | Dagsetning og efni beiðna þinna eða samskipta við þjónustu BeOne.                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                           |
| <b>Upplýsingar um virkni á internetinu eða öðru rafrænu neti</b> | Við söfnum og notum upplýsingar, svo sem um IP-tölu, gerð tækis, gerð vafra, tungumál, vafraferil reikninga á samskiptamiðlum og hvernig þú notar vefsvæði okkar, í því skyni að tryggja rétta virkni þeirra, og fyrir innri viðskiptagreiningu.<br><br>Frekari upplýsingar má finna í <b>stefnunni um kökur</b> fyrir tiltekna vefsvæðið sem þú hyggst nota.                                                                                                                                                                                                                                                               |
| <b>Annað</b>                                                     | Við kunnum að safna öðrum upplýsingum sem við þurfum vegna samskipta við þig eða vegna þess að lög krefjast þess, eða fyrir þjónustuveitendur okkar eða samstarfsaðila (t.d. upplýsingar sem þú veitir okkur í tengslum við samninga og fyrirspurnir sem þú sendir okkur.) Þetta getur til dæmis falið í sér upplýsingar um sjúkdóma og meðferðir, kynhneigð þína (sjaldan), mannmælingafræðilegar upplýsingar (t.d. hæð), tekjur, upplýsingar um lífsstíl (t.d. líkams- og næringarvenjur) og hvers kyns aukaverkanir sem þú finnur fyrir með notkun á lyfjum okkar eða meðferðum, sem og upplýsingar um sjúkratryggingar. |

Tiltekna upplýsingar (svo sem heilsufarsupplýsingar) **geta talist viðkvæmari** samkvæmt gildandi lögum. Við söfnum þessum upplýsingum ekki reglulega eða notum þær á annan hátt (nema í stuðningsáætlunum fyrir sjúklinga), en þar sem við gerum það munum við:

- aðeins safna þessum upplýsingum þegar þörf er á;

- grípa til viðeigandi ráðstafana til að vernda og vinna úr viðkvæmum persónuupplýsingum þínum; og
- tilkynna þér eða fá skýrt samþykki þitt fyrir vinnslu á viðkvæmum persónuupplýsingum þegar þess er krafist samkvæmt gildandi lögum.

## UPPRUNI UPPLÝSINGA

Að jafnaði fáum við persónuupplýsingar þínar **beint frá þér**, t.d. þegar þú hefur samband við okkur, fyllir út eyðublað, kaupir vörur okkar, veitir okkur þjónustu, skráir reikning eða biður um markaðsefni og upplýsingar.

Stundum kunnum við að fá persónuupplýsingar um þig frá **öðrum aðilum**, til dæmis þegar þú hefur gefið þriðja aðila fyrirmæli um að senda okkur upplýsingar eða þegar við höfum gert samkomulag við rannsóknaraðila sem við störfum með, samstarfsaðila og þjónustuveitendur. Við gætum einnig safnað upplýsingum sem almennur aðgangur er að, til dæmis opinberum upplýsingum eða upplýsingum af vefsvæðum, samfélagsmiðlum eða öðrum stafrænum kerfum.

Ef þú notar vefsvæði okkar kunnum við að safna upplýsingum úr tölvunni þinni eða öðru tæki með því að nota kökur og aðra gagnasöfnunartækni. Frekari upplýsingar er að finna í stefnunni um notkun á kökum.

## AF HVERJU VIÐ VINNUM ÚR PERSÓNUUPPLÝSINGUM ÞÍNUM

Meðhöndlun persónuupplýsinga fer eftir því hvers vegna við söfnum þeim, t.d. hvort hún ræðst af samskiptum þínum við BeOne, gildandi lögum eða okkar eigin verklagsreglum og kröfum, eins og lýst er hér á eftir:

| Tilgangur                                                          | Dæmi um notkun á persónuupplýsingunum þínum                                                                                                                                                                                                                        | Dæmigerður rökstuðningur/forsendur                                                                                                |
|--------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <b>Umsjón með samskiptabeiðnum og aðstoð</b>                       | <ul style="list-style-type: none"> <li>• til að hafa samband við þig</li> <li>• til að svara spurningum þínum</li> <li>• til að veita þjónustu við sjúklinga, t.d. aðstoð við að standa straum af lyfjakostnaði eða að veita aðgang að lyfjum</li> </ul>           | <b>Lögmætir hagsmunir</b> BeOne til að hafa umsjón með samskiptabeiðnum sínum og veita þjónustu                                   |
| <b>Umsjón með persónulegu sambandi og samningssambandi við þig</b> | <ul style="list-style-type: none"> <li>• til að viðhalda samband okkar við þig, vinnuveitanda þinn eða stofnun/fyrirtæki sem tengist þér</li> <li>• til að uppfylla samnings- og greiðsluskyldur okkar</li> <li>• til að afgreiða beiðnir eða kvartanir</li> </ul> | <b>Eftir því hvert samband þitt við BeOne er:</b><br><br><b>- til að grípa til ráðstafana áður en stofnað er til samnings eða</b> |

|                                                                                                     |                                                                                                                                                                                                                                                                                     |                                                                                                                                    |
|-----------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
|                                                                                                     |                                                                                                                                                                                                                                                                                     | <p>- efndir viðkomandi samnings eða</p> <p>- til að uppfylla lagaskilyrði og reglugerðir sem BeOne lýtur</p>                       |
| <p><b>Að betrubæta vörur, þjónustu og verkefni BeOne</b></p>                                        | <ul style="list-style-type: none"> <li>til að ákvarða gjaldgengi fyrir, aðstoða við að útvega, veita og fara með tiltekin atriði svo sem vörur, þjónustu og verkefni og fylgjast með framvindu mála</li> <li>til að hafa umsjón með rannsóknum okkar, þróun og samstarfi</li> </ul> | <p><b>Lögmætir hagsmunir BeOne</b> af að bæta vörur sínar, þjónustu og verkefni</p>                                                |
| <p><b>Miðlun upplýsinga sem gætu vakið áhuga þinn</b></p>                                           | <ul style="list-style-type: none"> <li>til að senda samskipti varðandi rekstur og lækningastarfsemi BeOne, t.d. um vörur okkar, þjónustu, verkefni og viðburði</li> </ul>                                                                                                           | <p><b>Lögmætir hagsmunir BeOne</b> af því að þróa rekstur sinn (með þínu samþykki, ef þess er krafist samkvæmt gildandi lögum)</p> |
| <p><b>Að veita upplýsingar með fræðslu og vitundarvakningu</b></p>                                  | <ul style="list-style-type: none"> <li>til að veita þér fræðslu, þar á meðal upplýsingar um heilsufar, vörur okkar, verkefni og þjónustu</li> </ul>                                                                                                                                 | <p><b>Lögmætir hagsmunir BeOne</b> af að efla fræðslu og vitund um heilsufar og sjúkdóma</p>                                       |
| <p><b>Umsjón með viðburðum eða verkefnum BeOne</b></p>                                              | <ul style="list-style-type: none"> <li>til að skrá þig</li> <li>til að stýra viðburðum eða verkefnum</li> <li>til að senda þér skilaboð um viðburðinn eða verkefnið</li> <li>ef við á, til að halda skrá yfir viðburði okkar eða verkefni</li> </ul>                                | <p><b>Lögmætir hagsmunir BeOne</b> af því að þróa rekstur sinn (með þínu samþykki, ef þess er krafist samkvæmt gildandi lögum)</p> |
| <p><b>Að bæta vefsvæði okkar og þjónustu þeirra, sem og notendaupplifun þína af vefsvæðunum</b></p> | <ul style="list-style-type: none"> <li>til að meta og bæta vefsvæði okkar, t.d. að sjá hvaða síður eru vinsælar og notaðar, hvort tilkynningar í tölvupósti eru opnaðar, umferðarpunga á vefsíðum og önnur notkunargögn</li> <li>til að tryggja öryggi vefsvæðanna okkar</li> </ul> | <p><b>Lögmætir hagsmunir BeOne</b> af að bæta vefsvæðin og þjónustu þeirra, sem og upplifun þín af að nota vefsvæðin</p>           |

|                                                      |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                  |                                                                                                                                |
|------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <b>Umsjón með undirbúningi eða rekstri málaferla</b> | <ul style="list-style-type: none"> <li>• til að bregðast við brotum sem vart verður við</li> <li>• til að annast ágreining eða málaferli</li> </ul>                                                                                                                                                                                                                                                                              | <b>Lögmætir hagsmunir</b> BeOne af að verja réttindi sín og hagsmuni<br><br><b>Lagaskilyrði og reglugerðir</b> sem BeOne lýtur |
| <b>Til að hlíta lögum og reglugerðum</b>             | <ul style="list-style-type: none"> <li>• til að fara að lögum og lagalegum skuldbindingum, svo sem skýrslugjöf til eftirlitsyfirvalda, eftirliti með sviptingu réttinda og annarri stöðu og til að ganga úr skugga um öryggi lyfjanna okkar</li> <li>• til að annast beiðnir um nýtingu réttinda</li> </ul>                                                                                                                      | <b>Lagaskilyrði og reglugerðir</b> sem BeOne lýtur                                                                             |
| <b>Annað</b>                                         | <ul style="list-style-type: none"> <li>• Við notum upplýsingarnar þínar fyrir annan daglegan rekstur, t.d. meðhöndlun greiðslna, umsjón með reikningum, vöruþróun, verndun eigna okkar með notkun eftirlitsmyndavéla, eftirlit með og eftirfylgni við reglur BeOne, umsjón með samningum, rekstur vefsíðna okkar, forvarnir gegn svikum og til að tryggja að við förum að lögum, sem og fyrir aðra daglega starfsemi.</li> </ul> | <b>Lögmætir hagsmunir</b> BeOne Eða<br><br><b>Lagaskilyrði og reglugerðir</b> sem BeOne lýtur                                  |

### Gerð persónusniðs og/eða sjálfvirk ákvarðanataka

„Gerð persónusniðs“ þýðir að greina áhugamál, venjur, hegðun og önnur einkenni einhvers til að spá fyrir um eða taka ákvarðanir um viðkomandi. „Sjálfvirk ákvarðanataka“ er þegar tölvuforrit, sjálfvirk kerfi eða reiknirit gerir slíka spá eða tekur slíka ákvörðun. Til dæmis gætum við sannreynt hæfi þriðju aðila sem við störfum með með því að meta reynslu þeirra, inna af hendi aðrar áreiðanleikakannanir á þeim og borið þetta handvirk saman við kröfur okkar. Persónusnið, spár eða ákvarðanir eru þó aldrei innt af hendi með fullkomlega sjálfvirkum hætti án þess að mannshöndin komi þar nærri.

## HVERSU LENGI VIÐ VARÐVEITUM PERSÓNUUPPLÝSINGARNAR ÞÍNAR

---

Við geymum persónuupplýsingarnar þínar **aðeins í þann tíma sem þarf** út af ástæðunum sem eru útskýrðar í þessari persónuverndarstefnu. Stundum varðveitum við þær lengur til að uppfylla lagalegar skuldbindingar okkar. Til að ákveða hve lengi við geymum þær skoðum við magn og tegund upplýsinganna og hversu viðkvæmar þær eru, hugsanlega hættu á skaða vegna óheimillar notkunar eða birtingar upplýsinganna, hvers vegna við þurfum þær, hvort við getum gert það sama án þeirra og allar gildandi alþjóðlegar kröfur samkvæmt lögum, reglugerðum og kröfum um reglufylgni.

Þegar þú skráir þig í áskrift að tilkynningum í tölvupósti eða fréttabréfi geymum við upplýsingarnar þar til þú hættir í áskrift. Ef þú leggur fram beiðnir geymum við þær upplýsingar þar til við höfum afgreitt beiðnir þínar. Ef þú biður um að hætta í áskrift geymum við skrá yfir beiðni þína svo lengi sem þarf til að sýna fram á að við höfum farið að beiðninni.

Við geymum líka persónuupplýsingar þínar í:

- **Viðeigandi tímabil í fyrningarfrestinum**, ef þörf krefur vegna **sönnunargagna**;
- **Þeim tilgangi að virða tímabil sem ákveðin eru í lögum**, t.d. með tilliti til málefna sem varða viðskipti, lög, reglufylgni og reglugerðir

## HVAR VIÐ VINNUM ÚR UPPLÝSINGUNUM ÞÍNUM OG HVERNIG VIÐ VERNDUM ÞÆR

**BeOne starfar í mörgum löndum um heim allan** og persónuupplýsingarnar þínar gætu verið aðgengilegar eða þeim deilt innan BeOne-samstæðunnar og með þriðju aðilum í mismunandi löndum eins og útskýrt er í hlutanum **PERSÓNUUPPLÝSINGUM ÞÍNUM DEILT** í þessari persónuverndarstefnu. Lög í tilteknum löndum bjóða hugsanlega ekki upp á sama umfang verndunar og lögin í landinu eða á svæðinu þar sem þú býrð. Í slíkum tilfellum, og eins og gildandi lög kveða á um, grípum við til ráðstafana til að tryggja öryggi upplýsinganna þinna, t.d. með því að gera samninga við viðtakendur upplýsinganna eða innleiða frekari gagnavernd.

Þótt við gerum okkar besta til að vernda upplýsingarnar þínar getum við ekki ábyrgst fullkomlega öryggi þeirra. Vertu á varðbergi þegar þú ákveður hvaða upplýsingum þú deilir með okkur þegar þú sendir upplýsingar netleiðis.

## PERSÓNUUPPLÝSINGUM ÞÍNUM DEILT

Við kunnum að deila persónuupplýsingunum þínum innan BeOne-fyrirtækjasamstæðunnar og með þriðju aðilunum sem tilgreindir eru hér á eftir. Það sem við deilum, af hverju við deilum því og hvaða öryggisráðstafanir við innleiðum fer eftir því hverjir þessir þriðju aðilar eru og hvar þeir eru. **Við seljum þó ekki persónuupplýsingar sem við söfnum.**

| Viðtakendur                                                                                                                                                                                                                                                                                         | Tilgangur                                                                                                                                                                                                                                                                                                         |
|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <b>Fyrirtæki í BeOne-samstæðunni</b> (t.d. BeOne Medicines Ltd. og/eða dótturfyrirtæki þess) <b>og starfsmenn hennar</b>                                                                                                                                                                            | Við kunnum að deila persónuupplýsingunum þínum innan BeOne-samstæðunnar í almennum stjórnunarlegum, rekstrarlegum, tæknilegum og/eða markaðslegum tilgangi fyrir viðskipta-/og heilbrigðisstarfsemi okkar um allan heim.                                                                                          |
| <b>Þjónustuveitendur BeOne</b> (t.d. greiðslumiðlanir, rannsóknarstofnanir, miðlægar rannsóknarstofur, flutningsaðilar o.s.frv.)                                                                                                                                                                    | Við vinnum með þjónustuaðilum til að hjálpa okkur að stýra viðskiptum okkar um allan heim, sjá um rekstur og tæknilega þætti (t.d. klínískar rannsóknir eða aðrar rannsóknir sem BeOne, samstarfsaðilar okkar eða samverkamenn standa að).                                                                        |
| <b>Viðskiptafélagar og samstarfsaðilar BeOne</b> (t.d. utanaðkomandi vísindamenn, heilbrigðisstarfsmenn, apótek og lyfjafyrirtæki, dreifingaraðilar o.s.frv.)                                                                                                                                       | Við vinnum með viðskiptafélögum og samstarfsaðilum til að hjálpa okkur að stýra viðskiptum okkar um allan heim og sjá um rekstur og tæknilega þætti í alþjóðlegri viðskipta- og heilbrigðisstarfsemi BeOne.                                                                                                       |
| <b>Tækni- og öryggisþjónustuaðilar BeOne</b> (t.d. hýsingaraðilar hugbúnaðar, þjónustuveitendur á sviði upplýsingatækni og markaðssetningar o.s.frv.)                                                                                                                                               | Við vinnum með tækni- og öryggisaðilum til að aðstoða okkur við að stýra tækni- og öryggisaðgerðum og öðrum stjórnunarlegum, rekstrarlegum og/eða tæknilegum þáttum viðskipta- og heilbrigðisstarfsemi okkar um allan heim.                                                                                       |
| <b>Opinberar stofnanir, yfirvöld og aðrir þriðju aðilar</b> (t.d. opinberir aðilar, löggæslustofnanir, dómstólar, skattfyrirvöld, lyfjaeftirlit Bandaríkjanna (FDA) og aðrar stofnanir sem geta óskað eftir eða tekið á móti persónuupplýsingum frá BeOne af ástæðum sem varða lög eða reglugerðir) | Við kunnum að fá beiðnir um persónuupplýsingar frá opinberum yfirvöldum, dómstólum og öðrum þriðju aðilum. Við deilum aðeins persónuupplýsingum þínum ef okkur ber skylda til þess samkvæmt lögum eða reglugerðum, eða ef fram kemur skýr og rökstudd beiðni eða grunur leikur á um brot á lögum eða reglugerðum. |

|                                                                            |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                     |
|----------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <b>Ráðgjafar</b> (svo sem ytri endurskoðendur, lögmenn og svipaðir aðilar) | Við vinnum með ráðgjöfum til að aðstoða okkur við stjórnunarlega, rekstrarlega og/eða tæknilega þætti viðskipta- og heilbrigðisstarfsemi okkar um allan heim. Stundum kunnum við að deila persónuupplýsingum með ráðgjöfum ef þeirra er þörf vegna þjónustunnar sem þeir veita, t.d. vegna meðhöndlunar ágreiningsmála og annarra lagalegra atriða. |
| <b>Aðrir þriðju aðilar</b>                                                 | Ef verulegar breytingar verða á uppbyggingu BeOne, t.d. sameining, flutningur, sala eigna BeOne eða gjaldprotaskipti, gætu persónuupplýsingar þínar verið fluttar til annarra aðila samkvæmt viðkomandi samningi með fyrirvara um samþykki þitt, ef við á.                                                                                          |

## VALKOSTIR ÞÍNIR OG RÉTTINDI

Þú getur valið að gefa okkur ekki upp persónuupplýsingar þínar; það gæti hins vegar falið í sér að þú getir ekki viðhaldið tengslum þínum eða samskiptum við okkur eða notað tiltekna þjónustu, t.d. stoðþjónustu fyrir sjúklinga.

Samkvæmt tilteknum lögum eins og almennu persónuverndarreglugerðinni (GDPR), persónuverndarlögum fyrir neytendur í Kaliforníu frá 2018 (CCPA), persónuverndarréttindum Kaliforníuríkis frá 2020 (CPRA) eða lögum um öryggi á netinu í Kína (þ.m.t. framkvæmdarreglugerðir þeirra og landsstaðlar) gætirðu haft eftirfarandi réttindi að því er varðar persónuupplýsingarnar þínar, eftir því hvaða lög eru í gildi þar sem þú ert:

- *Réttur til aðgangs.* Þú getur beðið okkur um skýrar, gagnsæjar og skiljanlegar upplýsingar um hvernig við meðhöndlum persónuupplýsingar þínar, þar á meðal upplýsingar um hvar og með hverjum við deilum þeim, og óskað eftir afritum af þeim.
- *Réttur til leiðréttingar.* Þú getur beðið okkur um að leiðrétta upplýsingar sem þú telur úreltar eða ónákvæmar og/eða beðið um að bætt sé við þær ef þær eru ófullnægjandi.
- *Réttur til að eyða.* Við tiltekna aðstæður geturðu jafnframt farið fram á að við eyðum persónuupplýsingunum þínum.
- *Réttur til að afturkalla samþykki.* Ef við vinnum úr persónuupplýsingunum þínum á grundvelli samþykkis þíns hefurðu rétt á að afturkalla samþykki þitt án þess að það hafi áhrif á lögmæti þess sem við gerðum áður.
- *Réttur til að hafna framtíðarsamskiptum* Þú getur valið að hafna (segja upp áskrift að) tilteknum framtíðarsamskiptum, svo sem markaðssetningartölvupósti.

- *Réttur til að flytja eigin gögn.* Þú kannt að hafa rétt til að fara fram á að við flytjum upplýsingarnar sem okkur eru veittar frá einu fyrirtæki til annars eða látum þér þær í té.

Þú gætir notið frekari réttinda sem tengjast persónuupplýsingunum þínum, allt eftir því hvar þú býrð og hvar sú skrifstofa BeOne sem meðhöndlar persónuupplýsingarnar er staðsett. Frekari upplýsingar er að finna í kaflanum um viðkomandi ríki.

### Nýting réttinda þinna.

Ef þú vilt nýta réttindi þín getur þú sent okkur tölvupóst á [privacy@beonemed.com](mailto:privacy@beonemed.com).

Við bregðumst við beiðnum innan þess tímaramma sem kveðið er á um í gildandi lögum. Stundum gætum við þurft að staðfesta hver þú ert til að ganga úr skugga um að spurningin komi raunverulega frá þér og til að halda upplýsingunum þínum öruggum. Við látum þig vita: (i) þegar beiðnin hefur verið afgreidd, (ii) ef við höfnum beiðninni (til dæmis vegna þess að undanþága á við) eða (iii) ef gjald er innheimt fyrir að vinna úr beiðninni.

Þú getur valið einhvern til að koma fram fyrir þína hönd en við þurfum einnig að staðfesta auðkenni viðkomandi aðila og tryggja að honum sé heimilt að koma fram fyrir þína hönd. Ef við getum ekki gert það getum við mögulega ekki orðið við beiðninni.

### Kvartanir

Ef þú telur að BeOne hafi misfarið með persónuupplýsingar þínar eða brotið gegn réttindum þínum gætir þú átt rétt á að leggja fram kvörtun til gagnaverndaryfirvalda í heimalandi þínu. Einnig er hægt að gera okkur viðvart með því að senda tölvupóst á [privacy@beonemed.com](mailto:privacy@beonemed.com). Við tökum áhyggjur þínar alvarlega.

Við mismunum þér ekki fyrir að nýta þér lagalegan rétt þinn sem skráður aðili.

### STEFNA OKKAR UM KÖKUR

Kökur, pixlamerki og önnur rakningarverkfæri (hér eftir nefnd „**kökur**“) eru litlar skrár sem vefsvæði og forrit nota til að geyma eða sækja upplýsingar í vafra eða tæki (tölvu, spjaldtölvu, farsíma o.s.frv.) þegar þú notar netþjónustu okkar. Þær gera vefsvæðum kleift að muna hvað þú vilt og bæta vafranotkun.

Þegar þú heimsækir vefsvæði okkar í fyrsta skipti (eða eftir að hafa eytt kökum) biðjum við þig um leyfi til að nota kökur. Þú getur valið að samþykkja allar kökur, valið tiltekna tegundir af kökum eða hafnað öllum kökum (öðrum en nauðsynlegum kökum). Kökur persónugreina þig ekki heldur bera þær kennsl á tækið sem þú notar. Þær hjálpa okkur að skilja vafranotkun þína til að geta greint tækið síðar og fínstillt notkunarupplifun þína, vistað stillingarnar þínar og bætt upplifun þína á netinu.

Ef þú vilt fá nánari upplýsingar um kökur og sjá hvaða kökur eru í tækinu þínu geturðu farið inn á vefsvæði, t.d. [www.aboutcookies.org](http://www.aboutcookies.org) eða [www.allaboutcookies.org](http://www.allaboutcookies.org)

Kökurnar sem við notum eru mismunandi eftir því hvaða vefsvæði eða forrit þú skoðar/notar. Við kunnum að nota eftirfarandi gerðir af kökum:

- **Bráðnauðsynlegar kökur:** Þessar kökur tryggja að vefsvæði okkar virki sem skyldi. Þær hjálpa til við öryggi, auðvelda vafrantökn og birta vefsíður á réttan hátt. Þú getur gert þær óvirkar í stillingum vafrans en það gæti haft áhrif á virkni sumra vefsvæða. Þú getur þó notað vefsvæðin áfram.
- **Afkastakökur:** Þessar kökur hjálpa okkur að skilja hvernig gestir nota vefsvæðin okkar svo við getum bætt þau. Þær safna upplýsingum um atriði á borð við fjölda gesta, hvaðan þeir koma og hvaða síður þeir fóru á.
- **Samfélagsmiðlakökur:** Þessar kökur gera þér kleift að nota samfélagsmiðlaviðbætur á vefsvæðum okkar og deila efni á samfélagsmiðlum; og
- **Markkökur (auglýsingakökur):** Þessar kökur hjálpa okkur að birta þér ákveðnar auglýsingar, mæla hversu árangursríkar þær eru og sérsníða efni að áhugasviðum þínum og vafrahegðun. Slíkar kökur geta fylgst með þér yfir tímabil og á ýmsum vefsvæðum (til dæmis ef þú heimsækir vefsvæði okkar oft eða heimsækir mörg vefsvæði BeOne).

Auk þess að velja þínar eigin kökur leyfa flestir vafrar þér að stjórna kökum í stillingum vafrans. Yfirleitt er hægt að eyða kökum sem fyrir eru og jafnvel stilla vafrann þannig að sjálfgefið sé að hann hafni öllum kökum. Hægt er að fá leiðbeiningar um þetta á heimasíðu vafrans. Ef þú hafnar öllum kökum geturðu áfram notað vefsvæðin okkar en sumir eiginleikar gætu ekki virkað rétt.

Flestar kökur skrá ekki IP-töluna þína (númerið sem netveitan notar til að auðkenna tölvuna þína) en tiltekna kökur nota þessar upplýsingar til að gera almenna athugun á staðsetningu, til dæmis til að tryggja að þér sé vísað á þá útgáfu vefsvæðisins sem á við um staðsetningu þína. Þar að auki þurfa kerfin okkar IP-töluna þína til að leiða upplýsingar (svo sem myndir á vefsvæðinu) aftur til þín. Við kunnum einnig að nota IP-tölur til að eiga samskipti við eða loka á gesti sem fara ekki að [notkunarskilmálum okkar](#).

Fyrir markvissar (auglýsinga-)kökur bregðumst við við merkjunum „Ekki rekja“ í vafranum. Þú getur fengið frekari upplýsingar um merkin „Ekki rekja“ hér: <https://allaboutdnt.com/>.

## AÐ Hafa samband við okkur

---

Ef þú ert með einhverjar spurningar eða athugasemdir vegna þessarar persónuverndarstefnu eða hvernig við gerum hlutina skaltu ekki hika við að leita til okkar með því að senda tölvupóst á [privacy@beonemed.com](mailto:privacy@beonemed.com).

Við leitumst við að bregðast við beiðni þinni eins fljótt og kostur gefst, í samræmi við gildandi lög.

Til að tryggja öryggi upplýsinga þinna athugum við hver þú ert áður en við veitum aðgang eða gerum breytingar. Hafðu í huga að jafnvel þótt við fjarlægjum eða breytum upplýsingunum þínum gætu leifar af þeim orðið eftir í skránum okkar.

Við leggjum áherslu á að vera aðgengileg öllum, líka fólki með fatlanir. Ef þú þarft þetta skjal á öðru sniði skaltu hafa samband við okkur í [privacy@beonemed.com](mailto:privacy@beonemed.com).